



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/486*  
*komudagur 28.11.2007*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 21. nóvember 2007

0711370SA GB  
Tilv.: 161

### **Efni: Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda**

Beiðni um umsögn barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga með bréfi dags. 19. nóvember. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á þrennum lögum, þ.e. lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tryggingagjald og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Markmið breytinganna er að skjóta styrkari lagastoð undir þá framkvæmd að það skuli vera notandi þjónustu starfsmannaleigu en ekki starfsmannaleigan sjálf sem teljist launagreiðandi á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli, enda hafi starfsmannaleigan ekki skattalega heimilisfesti hér á landi. Með frumvarpinu er jafnframt verið að hnykkja á niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 523/2006 um að það sé notandi þjónustunnar sem ber skylda til að halda eftir staðgreiðslu af skattskyldum launum og skila í ríkissjóð.

Sambandið fagnar frumvarpinu og leggur til að það verði samþykkt.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræðisviðs